



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

Ársskýrsla 2015



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Um Austurbrú | 2 |
| Stefna Austurbrúar 2014 til 2020 | 6 |
| Samband sveitarfélaga á Austurlandi – SSA | 8 |
| Atvinnuþróun og markaðstengd verkefni | 9 |
| Verkefni tengd menntun og rannsóknum | 16 |
| Önnur verkefni og þjónusta | 22 |

Austurbrú - Ársskýrsla 2015, maí 2016

Útgefandi: Austurbrú ses.

Umbrot: Gjallarhorn

Myndir: Daniel Byström

Höfundar: Starfsfólk Austurbrúar

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | austurbru.is | austurbru@austurbru.is

Ávarp framkvæmdastjóra



Í ræðu sem flutt var við stofnun Austurbrúar 2012 kom fram hjá þáverandi forsætisráðherra að „með slíkri stofnun væri kominn upp vettvangur fyrir sameiginlega stefnumótun og vettvangur fyrir bein samskipti og samstarf landshluta við ríkisvaldið. Samstarfi sem gæti gefið af sér tilflutning verkefna, aukið frumkvæði og sjálfstæði, samanber sóknaráætlun landshlutanna 20/20.“

Það er ljóst að þær væntingar sem þarna voru settar fram eru enn greiptar í huga þeirra sem hvað harðast börðust fyrir því að Austurbrú yrði til. Þeirra sem höfðu og hafa enn trú á því að þetta skref sé heillavænlegt fyrir landshlutann. Mikið og fórnfúst starf hefur verið unnið af starfsfólki og aðstandendum stofnunarinnar til að byggja upp skipulag og umhverfi fyrir verkefni með það að markmiði að stofnunin geti styrkst til framtíðar. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa umhverfi þar sem ólíkir málaflokkar og verkefni geta unnið saman að einu markmiði – að efla Austurland.

Í fyrsta skipti í sögu stofnunarinnar náðist sá áfangi á árinu 2015 að hún skilaði afgangi. Fjárhagsvanda fyrstu árána má rekja til þess að sameinaðar voru veikburða einingar sem allar áttu undir högg að sækja varðandi fjármögnun starfseminnar. Mikilvægt er að grunnfjármögnun verkefna sem vistuð eru innan stofnunarinnar standi undir þeirri grunngerð og þeirri grunnhugmyndafræði sem lagt var upp með. Þar vantar enn töluvert upp á.

Vonir okkar standa til þess að fjármögnun og samningar henni tengdir taki mið af aðstæðum Austurlands og Austfirðinga. Austurland er dreifbýlt fjölkjarnasamfélag á stóru landsvæði þar sem samgöngur eru erfiðar og fjarlægðin frá stjórnsýslumiðstöðvum landsins er eins og hún verður lengst á Íslandi. Aðgengi íbúa að þjónustu er mörkuð af þessum þáttum og því mikilvægt að sátt sé um að þróa innviði á svæðinu til að mæta þessu því landshlutinn og fólkinn sem hér býr er svo sannarlega mikilvægt fyrir þjóðarbúskapinn, á því leikur enginn vafi. Í mínum huga er þetta spurning um jafnrétti. Jafnrétti til náms, jafnrétti til að þróa nýja atvinnuvegi og hafa aðgengi að fjölbreyttum störfum, jafnrétti til fjölbreytts menningarlífs, jafnrétti til opinberrar þjónustu og svona mætti lengi telja.

Það er von okkar sem störfum í Austurbrú að stjórnvöld, stofnaðilar og aðrir hagsmunaaðilar stofnunarinnar fylkist nú í lið með okkur og nýti möguleikana sem felast í því umhverfi sem búið er að byggja upp í Austurbrú þannig að við færumst nær þeirri framtíðarsýn sem lagt var upp með árið 2012.

Jóna Árný Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar

Um Austurbrú

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012 á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Austurbrú starfar á svæðinu frá Vopnafirði suður um Djúpavog. Starfsstöðvar Austurbrúar voru á sjö stöðum á árinu 2015; Breiðdalsvík, Djúpavogi, Egilsstöðum, Neskaupstað, Reyðarfirði, Seyðisfirði og Vopnafirði. Auk þess var samstarf við sveitarfélög um aðgengi að húsnæði með fjarfundabúnaði vegna náms og kennslu á þeim stöðum þar sem Austurbrú hefur ekki starfsstöð.

Innri starfsemi

Miklar skipulagsbreytingar voru gerðar á Austurbrú í kjölfar framhaldsársfundar á Egilsstöðum 30. september 2014. Voru þær gerðar til að einfalda skipulag hennar þannig að til yrði ein heildstæð stofnun sem gæti betur sinnt hlutverki sínu. Mikil vinna fór í það á árinu 2015 að hrinda þessum breytingum í framkvæmd. Hér er einkum átt við verkefni sem lúta að:

Starfsmannamálum

- › Greining verkefna, verk- og þjónustupátta
- › Endurskoðun starfagreiningar
- › Starfalýsingar
- › Kjara- og starfsumhverfi

Upplýsingaflæði og verkferlum

- › Skipulag upplýsingaflæðis innan stofnunar (vikulegir „klukkufundir“)
- › Verkferlar fyrir sértæk - og kjarnaverkefni
- › Verklagsreglur um skipan faghópa verkefna
- › Gerð starfsmannahandbókar

Tengslum SSA við Austurbrú

- › Reglur um ábyrgð og hlutverk formanns SSA og verkefnastjóra sveitarstjórnarmála

Fjármálum

- › Gerð nýrra samninga vegna Vonarlands
- › Uppsetning fjárhagsbókhalds
- › Upplýsingagjöf til stofnaðila
- › Kostnaðargreining samninga
- › Starfsreglur og innra skipulag
- › Kostnaðareftirlit
- › Samræming verk- og kostnaðarbókhalds

Flestum þessara verkefna er lokið og/eða komin langt. Áhugasamir geta kynnt sér framgang einstakra verkpátta á árinu 2015 í fréttabréfi til stofnaðila sem finna má á heimasíðu Austurbrúar.

Fundir og upplýsingamiðlun

Ársfundur Austurbrúar ses. 2015 var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði 19. maí og var öllum opinn. Stjórn Austurbrúar hélt 13 fundi á árinu og má finna fundargerðir árs- og stjórnarfunda á heimasíðu Austurbrúar.

Fyrstu drög að ársreikningi 2015 lágu fyrir 3. maí 2016. Endurskoðun var framkvæmd af KPMG. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar 2015 má finna í ársreikningi Austurbrúar.

Austurbrú á og rekur heimasíðuna www.austurbru.is þar sem finna má helstu upplýsingar um Austurbrú og fréttir af starfsemi hennar. Á árinu 2015 birtust á síðunni 69 fréttir og tilkynningar auk fjölda auglýsinga. Meðfram síðunni er rekin Facebooksíða sem uppfærð er ekki sjaldnar en fimm sinnum í viku.

Starfslið, stjórn og nefndir

Í lok árs 2015 voru starfsmenn alls 22 í 18 stöðugildum. Þetta voru:

Anna Alexandersdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Ásta Dórothea Hallgrímsdóttir, ræstitæknir á Egilsstöðum
Bjarni Kr. Grímsson, verkefnastjóri á Breiðdalsvík
Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála á Egilsstöðum
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði
Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði
Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri kjarnaverkefna á Norðfirði
Haraldur Geir Eðvaldsson, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Ingunn Bylgja Einarsdóttir, ræstitæknir á Egilsstöðum
Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Jónína Brynjólfsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Katrín Reynisdóttir, verkefnastjóri á Djúpavogi
Katrín María Magnúsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Lára Vilbergsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Lilja Guðný Jóhannesdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Ragna Hreinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri sérverkefna á Egilsstöðum
Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði
Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum

Stjórn Austurbrúar 2015-2016

Stjórn Austurbrúar 2015-2016 er þannig skipuð:

Af vettvangi sveitastjórnarmála:

Gunnar Jónsson (formaður)

Karl Lauritzson

Sigrún Blöndal

Gauti Jóhannesson (varamaður)

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:

Berglind Häsler

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sveinn Jónsson

Sæunn Stefánsdóttir

Adolf Guðmundsson (varamaður)

Starfsháttanefnd Austurbrúar 2015 - 2016

Björn Hafþór Guðmundsson

Guðrún Á. Jónsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson

Siðanefnd Austurbrúar 2015 - 2016

Aðalheiður Árnadóttir

Gunnlaugur Sverrisson

Davíð Þór Jónsson



Stefna Austurbrúar 2014-2020

Lokið var við mótun stefnu Austurbrúar á árinu 2014 og hún birt almenningi haustið 2015. Hún er svohljóðandi:

Hlutverk og viðfangsefni Austurbrúar ses.

Austurbrú vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf íbúum Austurlands til hagsbóta.

Verkefni Austurbrúar eru fjölbreytt og krefjandi:

- › Háskólanám og rannsóknir
- › Markaðsmál
- › Menningarmál
- › Nýsköpunar-, atvinnu- og þróunarmál
- › Símenntun

Austurbrú vinnur að því að Austurland verði staður fólks, fjárfesta og fyrirtækja sem vilja byggja upp sjálfbært samfélag.

Gildi Austurbrúar

Framsækni

- › Við erum leiðandi í miðlun þekkingar, rannsókna og þróunar í fjórðungnum.
- › Við erum lausnamiðuð.
- › Við erum skapandi og óhrædd að reyna nýjar leiðir í störfum okkar og hugsun.

Fagmennska

- › Við sýnum færni og ábyrgð í störfum okkar.
- › Við leitumst við að veita hagsmunaaðilum bestu fánlegu þjónustu.
- › Við erum sanngjörn og heiðarleg.

Samvinna

- › Við setjum markið hátt og trúum því að saman náum við betri árangri.
- › Við brúum bil og eflum tengsl ólíkra aðila til að úr verði sterkari heild.
- › Við erum hvetjandi og jákvæð.

Mannauður

Í Austurbrú er deigla fyrir ólík sjónarmið, nýbreytni og þor til að takast á við áskoranir og reyna nýjar leiðir að sameiginlegu marki. Þar er opinn vettvangur skoðanaskipta og virðing sýnd í öllum samskiptum.

Austurbrú ræktar starfsfólk sitt og ýtir undir að það vaxi í starfi. Fjölhæfni í menntun, reynslu og hæfileikum starfsfólks gerir það að verkum að stofnunin er vel í stakk búin að takast á við flókin viðfangsefni sem spanna vítt svið.

Virk samvinna á milli málaflokka og þverfaglegt starf Austurbrúar styrkir grundvöll fyrir uppbyggilegri þróun og nýsköpun í samfélaginu.

Samstarf

Starfsfólk Austurbrúar gengur í takt við samfélagið og leitast við að efla jákvæðni og traust. Verkefni Austurbrúar, hvort sem þau eiga upptök sín innan hennar eða utan, taka mið af þörfum og hagsmunum samfélagsins. Austurbrú efnir reglulega til samtals við hagsmunaðila um málefni sem á þeim brenna. Allir geta komið í Austurbrú með erindi sín, hugmyndir, uppástungur og hvaðeina sem styrkt getur Austurland.

Starf Austurbrúar einkennist af faglegri nálgun á öll viðfangsefni með það að markmiði að:

- › Hækka menntunarstig og auka rannsóknir.
- › Styrkja markaðssetningu svæðisins til búsetu, fjárfestinga og ferðalaga.
- › Þjóða fjölbætta starfsemi á sviði menningar og lista.
- › Efla nýsköpun og þróun atvinnulífsins með áherslu á aukna fjölbreytni.
- › Byggja upp þekkingu og auka starfshæfni fólks í fjórðungnum.

Starfsfólk Austurbrúar leggur metnað sinn í að veita faglega þjónustu og ráðgjöf sem svarar þörfum íbúanna og samfélagsins.

Framtíðarsýn Austurbrúar

Öflugir atvinnuvegir

Fjölbreytt mennta- og vísindastarf

Gróskumikið menningarlíf

Hágæða áfangastaður

- › Austurland verði eftirsóknarverður staður fyrir jafnt unga sem aldna til að búa og starfa á.
- › Atvinnulífið byggi á sterkum grunnstoðum og eflist.
- › Menntunarstig hækki með auknu námsframboði í heimabyggð.
- › Möguleikar til háskólanáms verði fjölbreyttir og rannsóknir og fræðastarf fastur hluti af starfi fagstofnana.
- › Menningarstarfsemi verði gróskumikil og framsækin og stuðli að auknum lífsgæðum íbúanna.
- › Austurland verði staður fólks sem vill byggja upp sjálfbært samfélag.
- › Austurland verði einstæður hágæða áfangastaður ferðamanna sem byggi á náttúru, menningu og afurðum úr héraði.
- › Rekið verði öflugt markaðsstarf með áherslu á gæði og fagvitund, í takt við samfélagið.
- › Frumkvöðlastarf og skapandi greinar styrkist með virkri samvinnu þeirra sem starfa að menntun, menningu og nýsköpun.

Austurbrú eflir jákvæða þróun atvinnulífs, menntunar og mannlífs á Austurlandi.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sinnir daglegum rekstri SSA samkvæmt samningi milli SSA og Austurbrúar.

Á 49. aðalfundi SSA sem haldinn var á Djúpavogi dagana 2. og 3. október 2015 voru eftirtaldir kosnir í stjórn starfsárið 2015 -2016: Sigrún Blöndal, Margrét Guðjónsdóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Jón Björn Hákonarson og Eydís Ásbjörnsdóttir. Til vara: Gunnar Jónsson, Jakob Sigurðsson, Eyjólfur Sigurðsson, Svandís Ingólfssdóttir, Sóley Dögg Birgisdóttir, Dýrunn Pála Skaftadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörinn formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Margrét Guðjónsdóttir. Þau eiga samhliða sæti í framkvæmdaráði SSA.

Nefnd um samgöngumál starfar á vegum SSA milli aðalfundar þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar á heimasíðu SSA. Á aðalfundinum á Djúpavogi var fjallað um hin ýmsu mál að venju sem snerta landshlutann í heild. Sú nýbreytni var á fundinum að boðið var upp á fimm málstofur um eftirfarandi málefni: Umhverfismál, almenningssamgöngur, ljósleiðaravæðing, svæðisskipulag og þjónusta við fatlað fólk. Auk þess voru samþykktar fjölmargar ályktanir sem varða málefni landshlutans.

Helstu verkefni

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA. Ánægja hefur verið á meðal notenda á Austurlandi en um 100.000 einstaklingar nýttu sér þjónustu SVAust á árinu 2015. Ýmis vandkvæði hafa þó verið á framkvæmd almenningssamgangna um allt land og sum landshlutasamtökin þ.á.m. SSA átt í málaferlum vegna þeirra. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver niðurstaða þeirra málaferla verður. Stjórn SSA hefur lagt áherslu á það við yfirvöld að lagarammi í kringum almenningssamgöngur og framkvæmd þeirra verði skerptur.

Eitt meginverkefni stjórnar SSA á árinu 2015 var vinna í tengslum við samning um sóknaráætlun milli ríkis og SSA. Samningurinn gerir ráð fyrir gerð sóknaráætlunar landshlutans sem Austurbrú vann að og rekstri Uppbyggingarsjóðs Austurlands sem nánar verður fjallað um í næsta kafla. Áhersluverkefni samnings um sóknaráætlun á árinu voru tvö. Annars vegar „Menningarstarf á Austurlandi“ en markmið þess er að standa vörð um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut. Hins vegar er um að ræða verkefnið „Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar“ en markmið þess er áframhaldandi vinna við að opna aðra gátt inn í landið með millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll.

Alls var varið 19,2 milljónum króna í áhersluverkefni árið 2015. Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál gerir ráð fyrir að á komandi árum verði fleiri verkefnum beint inn í farveg samnings um sóknaráætlun.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og upplýsingar um aðalfundi sem og samþykktir má finna á heimasíðu SSA - www.ssa.is.

Atvinnuþróun og markaðstengd verkefni

Meginmarkmið atvinnuþróunarverkefna Austurbrúar er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu- og byggðapróun á Austurlandi og vinna eftir stefnumótun landshlutans. Markaðshlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild, til atvinnu, búsetu og fjárfestinga.

Sóknaráætlun Austurlands

Austurbrú var falið að vinna að sóknaráætlun Austurlands fyrir árin 2015-2019. Skipulagðir voru tveir fundir, sá fyrri á Reyðarfirði og sá seinni á Egilsstöðum þar sem áfram var unnið með efnið frá Reyðarfjarðarfundinum. Eftir fundina hófst samantekt og skýrslugerðin sjálf. Auk þess fóru drög að Sóknaráætlun í kynningarferli fyrir Austfirðinga. Gengið var frá skýrslu og henni skilað til SSA í lok júní 2015. Sóknaráætlun Austurlands 2015-2019 má finna á heimasíðu Austurbrúar.

Áhersluverkefni samnings um sóknaráætlun voru tvö á árinu 2015. Annars vegar „Menningarstarf á Austurlandi“ og hins vegar „Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar.“

Menningarstarf á Austurlandi

Verkefnið er þríþætt: Starf verkefnastjóra menningar, styrking menningarstarfs í jaðarbyggðum Austurlands, Djúpavogi og Vopnafirði og efling menningarmiðstöðvanna þriggja á Austurlandi.

Starf verkefnastjóra menningar:

Starfið árið 2015 einkenndist af breytingum, samantekt um Menningarráðs Austurlands, frágangi gagna og fleiru því tengdu.

Í upphafi árs 2015 var unnið að sóknaráætlun meðal annars til að miðla þekkingu um útfærslu á skiptingu menningarfjármagns frá ríkinu milli landshlutanna. Í þessari forvinnu var mikið og gott samstarf milli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Austurbrúar. Þar má nefna samstarf við gerð gagna fyrir Uppbyggingarsjóðinn svo sem úthlutunarreglur, umsóknareyðublað og lokaskýrslu.

Önnur störf voru fjölbreytt á árinu: Ráðgjöf og samtal við fólk úr menningargeiranum, erlent samstarf m.a. milli Vesterålen i Norður Noregi og Donegal á Írlandi eins og verið hefur til margra ára. Helsta samstarfsverkefni landanna árið 2015 var umsókn í menningarsjóð Evrópusambandsins fyrir verkefnið PRISMA. Þá má líka nefna samstarf um vinnustofu í Vesterålen þar sem menningarfulltrúa var boðið að vera með erindi um samstarfið.

Listamannaskipti fóru fram með sama hætti og áður og íslenska sendiráðið í Berlín bauð verkefnastjóra menningar ásamt Körnu Sigurðardóttur listamanni til Berlínar í október. Erindið var að kynna verkefnið „Austurland: Designs from Nowhere“ á þýsk/norrænni ráðstefnu í sendiráðinu. Verkefnið hlaut hönnunarverðlaun Íslands í fyrsta skipti sem þau voru veitt í lok árs 2014.

Síðasti ársfundur Menningarráðs Austurlands var haldinn á Seyðisfirði þann 24. mars. Þar var starfsemi Menningarráðs formlega lögð niður.

Auk þess sinnti verkefnastjóri menningarmála samskiptum við menningarmiðstöðvarnar á Austurlandi.

Styrking menningarstarfs á jaðarbyggðum Austurlands, Djúpavogi og Vopnafirði:

Vopnafjarðarhreppur notar fjármagnið sem til þeirra kemur til að vinna kvikmynd um Vopnafjörð. Kvikmyndin er unnin af Körnu Sigurðardóttur og Sebastian Ziegler.

Djúpavogshreppur hefur ráðist í verkefnið Snjóboltinn og notaði sitt fjármagn í það verkefni á árinu 2015. Þetta metnaðarfulla verkefni og er samstarfsverkefni Kínverks-evrópsku menningarmiðstöðvarinnar (CEAC) í Xiamen í Kína. Um er að ræða sýningu á 26 verkum viðurkenndra samtímalistamanna frá Kína, Hollandi, Íslandi og fleiri löndum. Sýningin var í Bræðslunni á Djúpavogi frá 11. júlí til 22. ágúst. Um 2000 gestir sáu sýninguna.

Efling Egilsstaðaflugvallar

Verkefnið efling Egilsstaðaflugvallar var komið á gott á skrið í byrjun árs 2015. Búið var að kortleggja tækifæri og möguleika í millilandaflugi og tenging komin á við Discover the World (DTW) sem sýndi Austurlandi mikinn áhuga. Árið var viðburðarríkt og var ákvörðun um beint flug á Egilsstaðaflugvöll tekin 3. október. Áform voru um beint flug tvisvar í viku sumarið 2016.

Helstu verkþættir ársins voru eftirfarandi:

Markaðsstarf:

Á árinu var greining, úrvinnsla og áherslupunktur tengdir beina fluginu árið 2016 mjög stór þáttur í verkefninu. Stór hluti af markaðssetingu á beinu flugi er markaðsefni fyrir flugvöllinn og hefur verkefnastjóri unnið í nánú samstarfi við Isavia að upplýsingabæklingi um svæðið.

Móttaka blaðamanna og starfsmanna DTW:

Hátt í 30 starfsmenn DTW komu til Austurlands og heimsóttu ferðaþjónustufyrirtæki og kynntu sér svæðið. Verkefnastjóri sá um allt utanumhald og skipulagningu. Síðsumars voru svo sex blaðamannaferðir skipulagðar af verkefnastjóra Austurbrúar. Fjölmíðlar frá stórum fjölmiðlum í Bretlandi heimsóttu Austurland og fjölluðu um áfangstaðinn. Þetta voru The Sunday Times, The Times, Wanderlust, National Geographic og The Guardian.

Almenn þjónusta og samstarf:

Verkefnastjóri átti í nánú samstarfi við aðila sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við beint flug til Egilsstaða. Þar má helst nefna: Isavia, Íslandsstofu, sveitarfélög á Austurlandi sem og ferðaþjónustuna á svæðinu. Nokkrir fundir voru haldnir með DTW bæði erlendis og héraðs og eftir að ákvörðun var tekin um beint flug var haldinn stór fundur í nóvember þar sem markmiðið var að tengja ferðaþjónu við DTW. Austfirski fyrirtækið Tanni Travel og Fjallasýn frá Húsavík gerðu samkomulag um sölu á flugmiðum fyrir innlendan markað.

Leiðar- og markaðssjóður:

Starfsmaður verkefnisins tók þátt í starfshópi á vegum forsætisráðuneytis Íslands sumarið 2015. Markmiðið var að koma á laggirnar markaðs- og leiðarþróunarsjóði í tengslum við millilandaflug um aðra flugvelli en Keflavík. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum í september og voru þær samþykktar í nóvember.

Uppbyggingarsjóður Austurlands

Uppbyggingarsjóður Austurlands hefur það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Hann tók við af menningar- og vaxtar-samningum Austurlands. Austurbrú tók við umsýslu sjóðsins í upphafi árs 2015. Þá hafði verið skipað í úthlutunarstjórn sjóðsins og tvö fagráð; annars vegar um menningu og hins vegar um atvinnu- og nýsköpun. SSA hafði auk þess unnið úthlutunarreglur og fleiri gögn í samstarfi við stýrinet stjórnarráðsins og verkefnastjóra Austurbrúar.

Fyrsta verkefni Austurbrúar var að auglýsa eftir umsóknum um styrki og fór úthlutun fram á Eskifirði 20. maí. Þar sem ný sóknaráætlun fyrir landshlutann lá ekki fyrir var að þessu sinni horft til markmiða og áherslna sóknaráætlunar Austurlands 2013 annars vegar og hins vegar vaxtar- og menningarsamninga Austurlands. Boðið var upp á vinnustofu í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum þar sem umsækjendur gátu komið og unnið umsóknir sínar með aðstoð starfsmanna Austurbrúar. Á öðrum starfsstöðvum veittu starfsmenn ráðgjöf við gerð umsókna. Nokkuð margir umsækjendur nýttu sér þjónustu Austurbrúar í gegnum Skype og aðra netmiðla, sem og síma.

Alls bárust 145 umsóknir og var sótt um tæpar 226 milljónir. Fengu 85 verkefni styrk og var heildar-upphæð styrkja 58 milljónir króna.

Haustið 2015 var aftur auglýst eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Austurlands fyrir árið 2016. Tilgangurinn var að jafna umsóknarferlið svo hægt væri að ganga frá styrkjum í upphafi hvers árs frekar en á miðju ári.

Aðstoð við frumkvöðla

Austurbrú veitir frumkvöðlum ráðgjöf. Þeir geta fengið viðtöl við verkefnastjóra sem greinir hvar skóinn kreppir og er vísað áfram inn í stoðkerfið sem Austurbrú er aðili að og fer eftir eðli málsins hverju sinni hvert fólki er vísað.

Í frumkvöðlasetrunum Hugvangi á Egilsstöðum og í Djúpinu á Djúpavogi vinna starfsmenn Austurbrúar að hluta við ráðgjöf og handleiðslu til frumkvöðla. Ráðgjöfin er margþætt og voru nokkrir notendur frumkvöðlasetranna komnir á veg með að stofna fyrirtæki. Verkefnið var framlengt sem samvinnu-verkefni AFLs, Austurbrúar og Austurnets til eins árs í viðbót. Jafnframt er unnið í samstarfi við og með sveitarfélögum Fljótsdalshéraði og Djúpavogshreppi.

Boðið var upp á frumkvöðlafræðslu í setrunum t.a.m. frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Íslandsstofu.

Sértæk þróunarverkefni

Á árinu voru kláruð tvö skilgreind verkefni sem ganga út á vöruþróun og aukna verðmætasköpun úr hráefnunum áli og fiski sem til verða á Austurlandi. Unnið var að mótun grunnhugmyndar um álvöruþróunarverkstæði auk þess sem samantekt var gefin út um þau vöruþróunarverkefni sem unnin hafa verið undanfarin ár þar sem ál er hráefni. Haldinn var fjölsóttur fundur á Reyðarfirði þar sem farið var yfir hráefnið og mögulega notkun þess í smáframleiðslu. Á árinu var einnig unnið að hugmyndum um klasa á sviði sjávarafurða.

Styrking innviða skapandi greina

Tveggja ára samningur Austurbrúar við SAM-félagið, grasrótarsamtök skapandi fólks á Austurlandi um eflingu skapandi greina rennur út í september 2016. Á árinu 2015 var unnið er að myndun klasa, eflingu tengslanets og að skapa fleiri tækifæri til atvinnusköpunar á sviði skapandi greina. Austurbrú sótti um styrk til Alcoa Foundation árið 2014 til að efla innviði skapandi greina og á árinu 2015 var unnið að fjórum skilgreindum verkfnum sem lúta m.a. að þróun ráðgjafar við skapandi greinar, innleiðingu skapandi ferla og frumkvöðlahugsunar í listmenntun á grunn og framhaldsskólastigi og eflingu tengslanets með alþjóðlegum vinnustofum í nýtingu á staðbundnum hráefnum.



Brothættar byggðir

Byggðaverkefnið „Brothættar byggðir“ hefur verið rekið í Breiðdal síðan á árinu 2013 en þá var fyrsti íbúafundurinn haldinn. Á árinu 2015 var unnið að markmiðssetningu og eftirfylgni við hugmyndir sem fram komu á íbúafundinum haustið 2013. Í upphafi árs var auglýst eftir verkefnastjóra, og var Bjarni Kr. Grímsson viðskiptafræðingur ráðinn í starfið í maí með starfsstöð á Breiðdalsvík. Á haustmánuðum var auglýst eftir umsóknum um styrki til margvíslegra verkefna í Breiðdal. Á fjölmönnum íbúafundi í nóvember var styrkjum úthlutað til níu aðila alls 7 milljónum króna auk þess sem farið var yfir þá markmiðasetningu sem unnin hafði verið.

Íshafshandverk

Í október var verkefnið „Íshafshandverk“ stofnað á Vopnafirði. Hugmyndin er að efla handverk og hönnun með vopnfirsku sérsniði og vinna úr efni sem á uppruna sinn á svæðinu. Ennfremur að virkja fólk sem hefur áhuga og kunnáttu á handverki og listsköpun. Þann 6. október var stofnfundur þar sem að Sunneva Hafsteinsdóttir frá Handverki og hönnun í Reykjavík og Lára Vilbergsdóttir verkefnisstjóri hjá Austurbrú fjölluðu m.a. um gæðahandverk. Um 40 þátttakendur sátu fundinn.



Markaðstengd verkefni

Hlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild, þ.m.t. til atvinnu, búsetu og fjárfestinga. Unnið hefur verið út frá þessari hugsun og reynt að greina hvar skórinn kreppir og hvar tækifærin liggja. Jafnframt er reynt að leggja mat á þróunina á grundvelli skýrslna frá opinberum aðilum.

Helstu markaðsverkefni Austurbrúar á árinu 2015 voru eftirtalin:

Áfangastaðurinn Austurland

Haldið var áfram með verkefnið „Áfangastaðurinn Austurland“ á árinu. Verkefnið snýst um að þróa/hanna áfangastaðinn Austurland og er markmið þess að styrkja aðdráttarafl og samkeppnishæfni Austurlands til ferðalaga, fjárfestinga og búsetu.

Helstu verkþættir ársins voru:

- Könnun meðal ferðamanna og íbúa

Netkönnun var lögð fyrir ferðamenn og íbúa. Tilgangur hennar var að fá annars vegar upplýsingar um upplifun og viðhorf ferðamanna á Austurlandi til svæðisins í heild. Hins vegar álit íbúa á ýmsum þáttum í nærsamfélaginu.

- Viðskiptakönnun og viðmið frá öðrum áfangastöðum

Gögn eftirtalinnna áfangastaða voru skoðuð og greind: „British Columbia“, „Visit England“, „Visit Lappland“ og „Scotland“. Þessir áfangastaðir voru kynntir á fundum sem haldnir voru með sveitarfélögum á Austurlandi.

- Stefnumörkun, vinnustofa og málstofa Egilsstöðum

Alls komu um 70 manns á vinnu- og málstofu sem haldin var í október. Þátttakendur hlýddu á fyrirlestra frá m.a. Íslandsstofu, Guðmundi Oddi Magnússyni (Godði) og Örnunni Björgu Bjarnadóttur frá Óbyggðarsetri Íslands. Í framhaldinu fór fram hópastarf. Vel tókst til og er nú verið að leggja lokahönd á „brand platform“ sem í lauslegri þýðingu má kalla útlitsstaðal fyrir Áfangastaðinn Austurland. Í kjölfar vinnu og málstofu var haldinn umfangsmikill fundur með sveitarfélögum þar sem niðurstöður voru kynntar.

Upplýsingamiðstöð Austurlands

Í lok árs 2014 var skipaður stýrihópur um málefni landshlutamiðstöðvar og sátu í hópnum fulltrúar frá Austurbrú, sveitarfélögum og Ferðamálasamtökum Austurlands. Niðurstaða hópsins var að ganga til samninga við Hús Handanna um rekstur Upplýsingamiðstöðvar Austurlands. Gerður var samningur til eins árs byggður á samningi Ferðamálastofu við Austurbrú. Samstarfið gekk að óskum á árinu 2015 og var hann því endurnýjaður fyrir árið 2016.

East.is - Facebook.com/easticeland

Ný útgáfa af síðunni East.is var opnuð um miðjan janúar 2015 og hefur verið í stöðugri uppfærslu síðan, einkum þó viðburðadagatal síðunnar þar sem athygli er vakin á helstu menningarviðburðum í fjórðungnum. Á síðunni má finna mikið af hagnýtum upplýsingum s.s. um einstök ferðaþjónustufyrirtæki, veitingastaði, gistingu, afþreyingu og fleira. Austurbrú rekur jafnframt Facebooksíðu tengda East.is síðunni og er hún uppfærð nánast daglega með tilkynningum, ljósmyndum og fréttum frá Austurlandi.

Útgáfa smábókar og þjónustukorts

Þjónustukortið var endurútfært 2015 í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila. Upplagið var 45.000 eintök sem dreift var um land allt frá maí til september. Smábókin „East Iceland - Official tourist guide“ var jafnframt gefin út en hún kemur út árlega á hverju vori. Bókin inniheldur upplýsingar á ensku um Austurland, umhverfi, samfélög, og þjónustu. Smábókin er endurskoðuð árlega og breytt í samræmi við nýjar upplýsingar sem berast frá ferðaþjónum á svæðinu. Færslurnar eru seldar og hafa aðilar að markaðssviði Austurbrúar fengið auglýsingar með sérstökum afslætti. Bókin er prentuð í Odda og dreift um allt land með reglubundnum hætti frá maí til mánaðarmóta september/október. Auk þess fóru starfsmenn Austurbrúar og dreifðu hluta upplagsins sjálfir í lok maí fram miðjan júní til þjónustusamningsþega.

Sýningar og kaupstefnur

Austurbrú tók þátt í fjórum sýningum á árinu. Mannamót eru haldin árlega til að kynna ferðaþjónustuna á landsbyggðinni. Um 20 aðilar frá Austurlandi tóku þátt í sýningunni sem haldin var í Reykjavík í lok janúar, í kjölfar Mannamóta tók Austurbrú þátt í MidAtlantic kaupstefnunni í Reykjavík. Í lok mars var ársfundur SAF (Samtök ferðaþjónustunnar) á Austurlandi með tilheyrandi ferðasýningu „Austurland að Glettingi“ og þá tók Austurbrú þátt í Vest Norden í Færeyjum í lok september.

Dagar myrkurs og Jól á Austurlandi

Menningarhátiðin Dagar myrkurs var haldin í fimmtánda sinn. Hátiðin stóð yfir 28. október – 1. nóvember sem er breyting en yfirleitt hefur hátiðin staðið yfir í 10 daga. Margir stórir viðburðir voru á dagskrá. Austurbrú hélt utan um kynningarstarf. Verkefnastjóri Austurbrúar safnaði styrkjum til að fjármagna birtingu og gerð auglýsinga.

Þátttaka var víða mjög góð. Þannig sóttu u.þ.b. 40 manns á leikrit á Vopnafirði, 50 manns heimildamyndasýningu í Sláturhúsinu, 40 manns á menningarviðburð á Minjasafni Austurlands og hátt í 300 manns mættu á tónleika með Páli Rózinkrans á Breiðdalsvík. Auk þess voru fjöldi minni viðburða sem kynntir voru á hverju svæði fyrir sig. Því miður komst Símfóníuhljómsveit Íslands ekki austur vegna veðurs eins og til stóð.

Jól á Austurlandi er annað verkefni sem Austurbrú hélt utan um á árinu 2015 og eins og með Daga myrkurs var það gert með nokkuð breyttu fyrirkomulagi en áður. Austurbrú safnaði styrkjum til að auglýsa stærri viðburði aðventunnar í fjölmörgum á Austurlandi, Norðurlandi og Hornafirði. Að öðru leyti var það á ábyrgð hvers aðila eða bæjarfélags að auglýsa viðburði og þjónustu á aðventunni.

Birtingaráætlun

Austurbrú hannaði og keypti birtingar í tímaritum, útvarpi og á vef fyrir auglýsingar þar sem athygli var vakin á fjórðungnum sem spennandi áfangastaðar ferðamannsins. Birtingaráætlunin var unnin í samstarfi við Birtingarhúsið en öll hugmyndarvinna var á herðum verkefnastjóra Austurbrúar og útfærð af hönnunarfyritækinu Grafit á Djúpavogi. Unnið var með hreindýr sem táknmynd fjórðungsins. Með „stafrænum brellum“ var þeim komið fyrir í ýmsum óvenjulegum aðstæðum til að vekja athygli. Auglýsingarnar fóru flestar í birtingu frá maí til ágústloka. Birtingarnar voru greiddar af sveitarfélögum á Austurlandi sem skiptu með sér kostnaði en Austurbrú greiddi fyrir vinnu við gerð auglýsinganna.

Verkefni tengd menntun og rannsóknum

Símenntun

Meginmarkmið Austurbrúar í símenntunarmálum eru að stuðla að fjölbreyttri símenntun á Austurlandi, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði símenntunar og vera í fararbroddi í þróun og framboði á símenntun á svæðinu. Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni.

Árlega er haldin fjöldi námskeiða fyrir ólíka hópa. Árið 2015 voru haldin 77 námskeið, mismunandi að lengd og uppbyggingu. Þetta er töluverð fækkun frá því sem verið hefur undnafarin ár. Ástæður eru margvíslegar en veigamest er líklega minnkað framboð tómstundanámskeiða á vegum stofnunarinnar. Slík námskeið krefjast undirbúnings og skipulags en verulega hefur dregið úr aðsókn að þeim á undanförunum árum og mikið um að námskeið hafi fallið niður vegna lítillar þátttöku. Því var ákveðið að Austurbrú hefði almennt ekki frumkvæði að því að bjóða tómstundanámskeið nú um sinn en svaraði þó eftirspurn sem kæmi úr samfélaginu. Þrátt fyrir fækkun námskeiða á árinu 2015 fækkaði nemendum og nemendastundum ekki verulega frá fyrra ári.

Námskeið samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru 8 á vorönn, þar af 6 kostuð með framlögum frá Fræðslusjóði og 5 á haustönn, þar af 4 kostuð með framlögum frá Fræðslusjóði. Haldin voru 8 námskeið í íslensku fyrir útlendinga, 9 námskeið fyrir Fjölmenn, 39 starfs-tengd námskeið og 8 tómstundanámskeið. Auk íslenskunámskeiða er samstarf við fyrirtæki um talþjálfun og hæfnipróf í íslensku.

Fjöldi námskeiða, þátttakenda og nemendastundir 2012-2015

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|-----------------------|--------|--------|--------|--------|
| Námskeið | 129 | 144 | 105 | 77 |
| Þátttakendur | 1.301 | 1.540 | 1.325 | 1.226 |
| Nemendastundir | 50.472 | 45.537 | 41.044 | 39.645 |

Um 66 % þátttakenda á námskeiðum eru konur og um 34 % karlar. Eftirtalin verkefni heyra öll undir símenntun:

Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Eitt af stærri verkefnum Austurbrúar er stóriðjuskólinn sem rekinn er í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Námið er samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem ber nafnið Nám í stóriðju. Það skiptist í sjö annir, annars vegar þrjár annir í grunnnámi og hins vegar fjórar annir í framhaldsnámi. Kennsla fer fram einu sinni í viku frá átta til fjögur og eru kenndir um fimmtán dagar á önn.

Námið skiptist í almennar bóklegar greinar eins og eðlisfræði, stærðfræði, ensku og tölvur svo dæmi sé tekið en hins vegar námskeið sem tengjast álframleiðslu beint. Þar má nefna vinnu í kerskála og steypuskála, umhverfis-, heilsu- og öryggismál á vinnustaðnum svo dæmi sé tekið. Bæði grunn- og framhaldsnámi lýkur með með lokaverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni tengd starfinu og þá oftast en ekki eitthvað sem þeir vilja betrumbæta.

Á árinu 2015 voru nemendur í grunn- og framhaldsnámi um fimmtíu talsins. Yfirleitt halda flestir sem ljúka grunnnámi áfram í framhaldsnám og nýir hópar í grunnnámi taka við af þeim eldri svo ekki er séð fram á að nemendum í þessu námi fækki á næstunni.

Námskeiðið „Staðarleiðsögn á Austurlandi“ er byggt á námsleiðinni Færni í ferðapjónustu II sem er ein af vottuðum námsleiðum á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Um er að ræða bók- og verklegt nám sem var sérstaklega ætlað þeim sem eru 20 ára og eldri og með litla formlega menntun. Hluti námsins var boðinn í fjarnámi sem gerði fleiri nemendum kleift að taka þátt.

Kennsla í námsleiðinni Menntastöðum hófst 2014 og lauk fyrsti hópurinn námi vorið 2015. Haustið 2015 bauð Austurbrú upp á Menntastöðir annað árið í röð, að þessu sinni í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Samstarfið felst í því að ná tilsettum þátttakendafjölda og í kennslu og almennu utanumhaldi námsleiðarinnar. Til að koma til móts við íbúa á dreifbýlum svæðum var námsleiðin kennd í fjarnámi og var árangur góður. Kennarar setja námsefni hverrar viku, fyrirlestra, lesefni og verkefni, inn á vefsvæði þar sem þátttakendur geta nálgast það og skila svo verkefnum sínum þangað inn. Almennt eru þátttakendur ánægðir með fyrirkomulagið og segja það henta vel með vinnu og fjölskyldulífi.

Í maí var haldið námskeið fyrir fiskvinnslufólk hjá HB Granda á Vopnafirði. Starfsmenn Austurbrúar sáu um allt skipulag og utanumhald. Haldið var grunnnámskeið sem stóð í viku og eitt sérnámskeið. Námið er ætlað þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, það er í flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna.

Í mars lauk fagnámskeiði II í Neskaupstað samkvæmt námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námsleiðin er ætluð ófaglærðu starfsfólki í heilbrigðis- og félagsþjónustu og komu þátttakendur frá Félagsþjónustu Fjarðabyggðar og HSA.

Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin 8 námskeið í íslensku fyrir útlendinga og var fjöldi þátttakenda um hundrað. Þetta er fækkun frá síðasta ári sem skýrist helst af erfiðleikum við að ná lágmarksfjölda þátttakenda í fámennari bæjarfélögum. Námskeiðin eru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Auk námskeiða í íslensku er samstarf við fyrirtæki um talþjálfun og hæfnipróf í íslensku.

Rafrænt námsefni

Austurbrú hefur síðustu misseri unnið með Alcoa Fjarðaáli í vinnslu á rafrænu námsefni. Verkefni snýr fyrst og fremst að endurmenntunarnámskeiðum fyrir starfsmenn. Hlutverk Austurbrúar í þessu verkefni hefur aðallega verið að taka við námsefni frá Alcoa og taka það upp og fullvinna til birtingar. Í sumum tilfellum er eingöngu um myndbönd að ræða sem starfsmenn horfa á inni á námsvef Alcoa en oft þarf að semja próf líka.

Fræðsluáætlanir fyrirtækja

Austurbrú hefur unnið fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi. Að mestu hefur verið unnið eftir aðferðafræði Markviss þar sem ráðgjafar fara inn í fyrirtæki og vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun með því að greina þarfir og skipuleggja menntun og þjálfun starfsfólks. Áætlanir eru yfirleitt gerðar til nokkurra ára í senn. Á árinu 2015 var unnið eftir fræðsluáætlunum sem unnar höfðu verið fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands og Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og haldin mjög fjölbreytt námskeið víða um fjórðunginn fyrir starfsfólk fyrirtækjanna.

Samstarf við Fjölmennt

Austurbrú hefur umsjón með námskeiðum fyrir fólk með fötlun á Austurlandi. Fjármögnun kemur frá Fjölmennt sem er símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk á Íslandi. Haldin voru 9 námskeið á árinu 2015, öll á Egilsstöðum. Á vorönn voru haldin tvö jóganámskeið, námskeið í leiklist og tjáningu, tvö matreiðslunámskeið inni á heimilum fatlaðra og námskeið þar sem lögð var áhersla á söng og gleði með tónlist. Á haustönn voru haldin eitt jóganámskeið, eitt matreiðslunámskeið og námsleiðin Skóli lífsins fór af stað. Skóli lífsins er 60 klukkustunda nám þar sem er fjallað um ýmis atriði sem varðar daglegt líf og sjáfsstyrkingu þátttakenda. Á árinu 2015 fengu einnig tveir einstaklingar einkakennslu, annars vegar í lestri og ritun á íslensku og hins vegar í tónlist.

Stafræn framleiðsla

Námskeiðaröðin Stafræn framleiðsla fyrir alla hófst haustið 2015 hjá Austurbrú en verkefnið hlaut veglegan styrk (2.300.000 kr.) frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fyrr um vorið. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar hjá markhópi framhaldsfræðslunnar og að skapa þekkingu sem hvetur til frumkvöðlastarfs og nýsköpunar einstaklinga. Kennslan fer fram í Fab Lab Austurland er þar er til staðar búnaður fyrir stafræna framleiðslu. Boðið var upp á fjögur námskeið í vetur: Grunnnámskeið (kynning á möguleikum stafrænnar smíðju), þrívídd og stafræn framleiðsla, ljósa hönnun og framleiðsla af ýmsu tagi og loks námskeið í rafeindatækni og forritun. Aðsókn á námskeiðin hefur verið mjög góð og hafa þátttakendur komið víða að úr Fjarðabyggð og af Fljótsdalshéraði.

Náms- og starfsráðgjöf

Austurbrú er með samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd náms- og starfsráðgjafar fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Meginmarkmiðið með verkefninu skv. samningnum er að veita einstaklingum hvatningu til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Á árinu 2015 voru tekin 244 viðtöl í heildina sem er 30 viðtölum færra en árið á undan og náðist ekki að nýta allt það fjármagn sem úthlutað var til ráðgjafar á árinu. Af þessum 244 viðtölum voru 58 viðtöl við atvinnuleitendur eða 24% af öllum viðtölum ársins. Nokkuð jafnt hlutfall kynjanna sótti viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa sem er umtalsverð breyting frá fyrri árum þar sem konur hafa verið um 65-70 % af þessum hópi. Næstum helmingur allra viðtala á árinu 2015 kom í gegnum hópráðgjöf, eða 47%. Veitt er þjónusta til fjarnema háskólanna s.s. ráðgjöf við námstækni, prófkvíða og val á námi og einnig komu ráðgjafar að kennslu á námskeiðum fyrir atvinnuleitendur og fólk í starfsendurhæfingu svo dæmi sé tekið. Þá var aukin eftirspurn eftir raunfærnimati í ýmsum greinum á árinu 2015 og er þjónusta náms- og starfsráðgjafa hluti af því ferli.

Kvasir

Kvasir, eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi, þar af tveggja í Reykjavík. Allar miðstöðvarnar starfa:

- › að öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og njóta stuðnings Fræðslusjóðs um framhaldsfræðslu.
- › samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun.
- › til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit).

Samtökin halda árlega tvo vinnufundi þar sem aðilar bera saman bækur, ræða hagsmunamál og leiðir til að bæta og styrkja starfið.

Haustfundur Kvasis 2015 var haldinn á Norðfirði 21. og 22. september. Þar var meðal annars fjallað um starfsemi Fjarmentaskólans og mögulegt samstarf hans við Kvasi, nýjar úthlutunarreglur vegna fjárframlaga til raunfærnimats, samstarf símenntunarmiðstöðvanna, framtíðarsýn, tuttugu og fimm ára aldurstakmark í framhaldsskóla og áhrif þess á fullorðinsfræðsluna, raunfærnimat og þróun þess, markaðssetningu framhaldsfræðslu og margt fleira. Þátttaka í fundinum var góð og þátttakendur skoðuðu m.a. Fab Lab Austurland á Norðfirði.



Háskólaþjónusta

Austurbrú þjónar yfir 150 háskólanemum en erfitt er að gefa upp nákvæma tölu. Þjónusta við þá var með svipuðu sniði árið 2015 og árin á undan. Háskólanemar á svæðinu sækja próftöku, fjarfundi, ýmsa þjónustu og leiðbeiningar til Austurbrúar og fá lesaðstöðu í starfsstöðvum stofnunarinnar.

Tölur um fjölda nemenda byggja annars vegar á skráum um fjarnema frá háskólunum og hins vegar fjölda nemenda sem taka próf. Mikill meirihluti nemenda eru konur eða um 75%. Fjarnemaskrár gefa ekki fullkomna mynd t.d. eru meistara- og doktorsnemar yfirleitt ekki á þeim skráum og fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda fjarnema því heimapróf og verkefnaskil koma stundum í stað prófa auk þess sem staðnemar frá háskólunum taka stundum prófin í heimabyggð.

Alls voru 780 próftökur hjá Austurbrú árið 2015 sem er nokkru færri en síðustu ár. Nokkrir tugir þessara prófa voru menntaskólapróf sem tekin eru einkum á þeim stöðum þar sem ekki eru starfandi menntaskólar. Einnig próf vegna námsbrauta hjá Keili o.fl. sem ekki teljast til háskóla. Samstarf um próftökur við háskólana og aðra skóla sem hlut eiga að máli er gott og verklag við það í föstum skorðum.

Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár og nemendafjöldi einnig. Nemendur á Austurlandi eru úr öllum háskólunum nema Listaháskólanum. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestir við Háskóla Íslands.

Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum en Reyðarfjörður kemur þar næst, síðan Neskaupstaður, Vopnafjörður og Djúpvogur.

Fjöldi háskólanema, próftakenda, prófa (próftökur) hjá Austurbrú 2013 og 2014.

| | 2014 vor | 2014 haust | 2015 vor | 2015 haust |
|----------------------------|-------------|---------------|-------------|---------------|
| Fjöldi nema (skrá háskóla) | 157 | 158 | 154 | 167 |
| Fjöldi próftakenda | 173 | 169 | 164 | 156 |
| Fjöldi prófa | 500 | 425 | 406 | 374 |

Rannsóknarverkefni

Rannsóknar- og þekkingarverkefni voru fjölbreytt. Vinnu lauk við Eyjahjartað og rannsóknarskýrsla útgefin sem getið er um annars staðar í skýrslunni. Unnið var atvinnugreiningarverkefni fyrir Fljótsdalshérað og um haustið voru tekin fyrstu viðtöl í rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir Vinnumarkaðsráð með það að markmiði að styrkja tengsl atvinnuleitenda og atvinnurekenda, því verkefni verður lokið í maí 2016. Starfsánægjukannanir voru gerðar fyrir fyrirtækin Launafl og Síldarvinnsluna sl. haust. Rannsóknarverkefni á ástæðum brottflutnings kvenna af Austurlandi hófst í desember og er ætlað að því ljúki í júní 2016. Verkefnið um Hagstofu Austurlands eða hagvísaverkefnið var í undirbúningi og fyrsta skref þess unnið, það felur í sér mannfjölda- og vinnumarkaðsgreiningar. Úrvinnsla könnunar um áfangastaðinn Austurland var kynnt í vinnustofu í október en þar voru greind viðhorf heimamanna og gesta til Austurlands sem ferðamannastaðar. Um þá rannsókn er fjallað í sérkafla um verkefnið.

Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem njóta stuðnings á fjárlögum. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Í febrúar 2015 var 2. ársfundur haldinn á Blönduósi. Þar var meðal annars fjallað um stöðu og hlutverk þekkingarsetra á landsbyggðinni. Ákveðið var að færa ársfundu á haustin og því var þriðji fundur þekkingarsetranna haldinn á Selfossi í október 2015. Þar var meðal annars til umfjöllunar sókn þekkingarsetranna á landsbyggðinni í rannsóknasjóði. Í framhaldinu fór af stað hreyfing til að kanna hvernig auka mætti möguleika þeirra til að fá fjármagn úr rannsóknasjóðum.



Önnur verkefni og þjónusta

Miðstöð menningarfræða

Líkt og undanfarin ár hefur Austurbrú sinnt verkefnum Miðstöðvar menningarfræða á Seyðisfirði. Helstu verkefni ársins voru:

› Heima er þar sem eyjahjartað slær

Heima er þar sem eyjahjartað slær er rannsókn sem unnin var frá miðju ári 2014 fram á mitt ár 2015. Gerð var samanburðarrannsókn þar sem skoðaðar voru menningar- og listahátíðir í Vágur í Færeyjum, Bornholm í Danmörku, Vesterålen í Noregi og Austurlandi. Rannsóknin hefur vakið talsverða athygli. Auk þess að kynna niðurstöður á málstofu hjá Nordregio hefur verið haldinn fyrirlestur á ráðstefnu í Þórshöfn í Færeyjum á vegum Nora og nú í vor (2016) verða birtar þrjár rannsóknargreinar og flutt erindi á byggðaráðstefnu í Háskólanum á Akureyri.

› PRISMA

Verkefnastjóri Miðstöðvar menningarfræða stýrði undirbúningi og hugmyndfræði vinnu á bak við verkefni sem hefur hlotið nafnið PRISMA. Verkefnið snýst um að efla samvinnu listamanna og fyrirtækja til að auka framboð á listum og menningu og fjölga þannig njótendum. Þetta er samstarfsverkefni Austurbrúar, Menningarráðs Vesterålen í Noregi og Donegal County Council á Írlandi en bæði þessi svæði eru í formlegu menningarsamstarfi við Austurbrú. Í apríl 2016 var Austurbrú tilkynnt að ekki hefði fengist styrkur í PRISMA verkefnið en vinnan við umsóknarferlið mun án nokkurs vafa nýtast og reynslan því dýrmæt.

Meðal annarra verkefna má nefna verkefni sem unnin voru hjá Miðstöð menningarfræða m.a. skipulagning og umsjón tónleikaraðarinnar Bláa kirkjan, vinna við endurútgáfu Húsasögu Seyðisfjarðar eftir Þóru Guðmundsdóttur auk verkefna sem unnin voru með og fyrir Skaftfell – miðstöð myndlista á Austurlandi og Tækniminjasafn Austurlands auk sérstakra verkefna fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og verkefna sem viðkomu

Fab Lab Austurland

Hefðbundin starfsemi hefur gengið sinn vanagang með opnun fyrir almenning þrisvar sinnum í viku, móttöku grunnskólanema og kennslu áfanga við VA. Áherslan í vetur hefur verið á að móta starfið og þá fræðslu/kennslu sem fram fer í smiðjunni. Boðið hefur verið upp á fjölda námskeiða fyrir almenning og eru þau almennt vel sótt. Kennaraþjálfun er afar mikilvæg í rekstri smiðja sem þessarar og var í upphafi skólaársins boðið upp á þriggja daga námskeið fyrir kennara. Verkefnastjóri hefur jafnframt unnið í samstarfi við ýmsa aðila í samfélaginu. Sem dæmi um slík samstarfsverkefni má nefna: Verkefni með Nesskóla sem styrkt var af Sprotasjóði og bar heitið Verði ljós; samstarfsverkefni með fjölskyldu-sviði Fjarðabyggðar og Innoent Education um vikulangt kennaranámskeið og forritunarnámskeið fyrir 6 ára og eldri í samvinnu við Kóder og Nesskóla.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar, sem er samstarfsverkefni Austurbrúar og Verkmenntaskóla Austurlands, var haldinn í þriðja sinn þann 10. október. Gestum Tæknidagsins fjölga jafnt og þétt en á sjöunda hundrað gesta skrifaði sig í gestabókina í ár. Sem fyrr var dagurinn tileinkaður tækni, vísindum, sköpun og þróun á Austurlandi og miðaðist dagskráin við alla aldurshópa. Fjöldi fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á Austurlandi sýndu allskyns tæknilausnir og gestir fengu m.a. að kynna landmótun í þrívídd í mögnuðum „sandkassa“, reykjöfun og brunavörnum, rafknúnum kappakstursbílum frá HR og HÍ, rafmagnseinhjólum og Segway-hjólum auk þess sem gestir gátu lært grunnatriði í málmsuðu. Einnig var boðið upp á skoðunarferð í nýsprengd Norðfjarðargöng. Þetta og margt fleira var í gangi á Tæknideginum 2015.

Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Austurbrú hefur haldið utan um Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar frá janúar 2013. Verkefnið var sett á laggirnar til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Vöktun hófst í október 2007 eftir undirbúningsvinnu sem fól í sér samráð við mismunandi aðila, bæði hlynnta og andvíga framkvæmdunum. Fylgst er með 16 samfélagsvísum, 24 umhverfisvísum og 5 efnahagsvísum. Fimm starfsmenn Austurbrúar komu að vinnu við verkefnið á árinu 2015. Ársfundur 2015 var haldinn á Fáskrúðsfirði 6. maí og voru þátttakendur rúmlega 40. Sérstakt þema fundarins var efnahagsvísar Sjálfbærni-verkefnisins og efnahagsmál. Farið var yfir niðurstöður vöktunar á árinu 2014 auk þess sem þrjú gestafyrirlesarar fluttu erindi á fundinum. Þá voru efnahagsvísar og hagvísar ræddir í hópum og breytingar samþykktar á átta vísum. Á árinu 2015 kynntu starfsmenn Austurbrúar verkefnið í skólum og á orkufundi Sambands Orkusveitarfélaga.

Myndagrúsk

Myndagrúsk er samstarf milli Félags eldri borgara á Vopnafirði og Austurbrúar. Í samstarfinu felst utanumhald á gagnagrunni, að skanna og skrá myndir sem bætast í safnið. Síðan í september hefur Myndagrúsk farið fram í húsnaðinu Sambúð og meðalfjöldi þátttakenda fyrri part ársins voru 12 í hvert skipti en 19 seinni part ársins. Í safni Myndagrúsk eru í dag 11.500 ljósmyndir frá því um 1870 til dagsins í dag.

NordTourNet

Frá árinu 2014 hefur Austurbrú tekið þátt í verkefni styrktu af Norðplús ásamt aðilum frá Litháen, Eistlandi og Svíþjóð. Markmið verkefnisins er að mynda tengslanet fullorðinsfræðsluaðila í Eystrasalts- og Norðurlöndum með áherslu á fræðslu tengda ferðaþjónustu í dreifbýli. Fundir hafa verið haldnir í öllum þáttökulöndum verkefnisins og voru á árinu 2015 haldnir fundir í Svíþjóð og á Íslandi. Þátttakendur kynna dæmi um fyrirmyndarverkefni frá sínum svæðum og er nú unnið að því að þýða lýsingar á þeim á tungumál allra þátttakenda. Sem dæmi um áhrif verkefnisins má nefna að verið er að

þróa Meet the Locals að íslenskri fyrirmynd í Litháen og Eistlandi. Þá vinna félagar okkar frá Svíþjóð nú að viðburði í Neskaupstað í ágúst þar sem listamenn frá öllum Norðurlöndunum stýra vinnustofum í mismunandi listgreinum.

Framhaldsskóladeild á Vopnafirði

Í september var fyrsti stofnfundur þar sem ákveðið var að stofna framhaldsskóladeild á Vopnafirði í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Síðar var boðað til fundar með skólameistarannum á Laugaskóla, foreldrum og nemendum. Í byrjun nóvember fór 10. bekkur í kynningarferð til Lauga ásamt starfsmanni Austurbrúar þar sem nemendur kynntu sér starfsemi skólans, aðstöðu, félagsstarf o.fl. Næsta skref verður að taka við umsóknum frá væntanlegum nemendum. Þörf er á að lágmarki fimm umsóknum til að hægt sé að stofna deild á Vopnafirði.



